

Innra mat grunnskóla



Hvað er innra mat?

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur.

Unnið út frá þessum spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Vel þróað innra mat leiðir af sér:

- Aukin gæði náms og betri námsárangur. Innra mat snýst fyrst og fremst um að bæta nám nemenda, námsárangur og námsaðstæður.
- Eflingu fagmennsku og styrkingu lærdómssamfélags. Áhersla innra mats á samvinnu, markvissar samræður og ígrundun fagmanna um starfið út frá þeim gögnum sem aflað er, efla fagmennsku og styrkja lærdómssamfélag skólans.
- Betri upplýsingagjöf og innra eftirlit. Vel þróað innra mat gefur yfirsýn yfir gæði og árangur starfsins.

Þetta er til upplýsingar um hvað innra mat í raun og veru er til þess að við getum í sameiningu unnið að því að bæta okkar mat.

Eydís Ósk

